

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024,
miðsvæði M12, Sogamýri.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 16. ágúst 2013 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, sem samþykkt var í borgarráði 4. júlí 2013.

Í breytingunni felst að 1 ha svæði austast í Sogamýri er breytt úr opnu svæði til sérstakra nota í miðsvæði (M12).

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 16. ágúst 2013.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2013